



FRAMKVÆMDASÝSLA RÍKISINS

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURNESJA

LÓÐARFRÁGANGUR

SKILAGREIN

APRÍL 2011



EFNISYFIRLIT

ALMENNT UM SKILAGREINAR	3
1.0 UNDIRBÚNINGUR	3
1.1 Lýsing framkvæmdar	3
1.2 Frumathugun.....	3
1.3 Áætlunargerð	3
1.4 Áætlun um stofnkostnað	4
2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD	5
2.1 Útboð, tilboð og verksamningar	5
2.2 Framvinda.....	6
2.3 Eftirlit og úttektir	7
3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR.....	7
3.1 Heildarkostnaður.....	7
4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR.....	7
4.1 Árangur framkvæmdarinnar	7
4.2 Staðfesting skilagreinar.....	7

ALMENNT UM SKILAGREINAR

Í 16. grein laga nr. 84/2001 um skipan opinberra framkvæmda er ákvæði um gerð skilamats. Þar segir: „Að lokinni verklegri framkvæmd og úttekt skal fara fram skilamat. Í matinu skal gerð grein fyrir því hvernig framkvæmd hefur tekist miðað við áætlun. Enn fremur skal þar gerður samanburður við hliðstæðar framkvæmdir sem þegar hafa verið metnar.“ Þá er í sömu grein kveðið á um að Framkvæmdasýsla ríkisins skuli setja nánari reglur um fyrirkomulag skilamats.

Í 7. grein reglugerðar nr. 715/2001 um skipulag opinberra framkvæmda segir að Framkvæmdasýsla ríkisins sjái um gerð skilamats og setji reglur um fyrirkomulag þess sem fjármálaráðherra staðfestir.

Þann 21. september 2001 gaf Framkvæmdasýsla ríkisins út reglur um fyrirkomulag skilamats, staðfestar af fjármálaráðherra. Í 3. grein þeirra segir: **“Við minniháttar verk eða framkvæmdir sem hafa lítið samanburðar- eða upplýsingagildi er heimilt að einfalda umfjöllun í skilamati”**. Þegar þessi háttur er hafður á er skýrslan nefnd **“skilagrein”** til afmörkunar frá skilamati.

Hér fer á eftir skilagrein framkvæmdar.

1.0 UNDIRBÚNINGUR

1.1 Lýsing framkvæmdar

Hér verður í stuttu máli gerð grein fyrir lóðarfrágangi við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Skólavegi 8 í Reykjanesbæ, sem framkvæmdur var á árinu 2009.

Verkefnið barst Framkvæmdasýslu ríkisins frá heilbrigðisráðuneyti og síðan Fasteignum ríkissjóðs. Lóðarsvæðið sem framkvæmdirnar náðu til var um 3900 fermetrar og náði til frágangs bílastæða, gangstétta og grassvæða.

Verkkaupi var Fasteignir ríkissjóðs. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja er í eigu ríkissjóðs.

Framkvæmdasýsla ríkisins hafði umsjón og eftirlit með verkefninu fyrir hönd verkkaupa. Verkefnisstjóri var Guðmundur Pálsson hjá FSR.




Svæði sunnan við D-álm.

1.2 Frumathugun

Frágangi lóðar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, við Skólaveg 6 í Reykjanesbæ, var frestað og kom ekki til framkvæmda þegar D-álmán var reist. Fyrirkomulag á lóð, sem fylgt hefur verið í megindráttum, kemur fram á afstöðumynd D-álmú Arkitektastofunnar OÖ ehf. frá árinu 1998. Síðar var ákveðið að fjölga bílastæðum með stækkun bílastæðis til suðurs og milli B- og D-álmú.

Ekki var gert formleg frumathugun vegna verkefnisins.



Skipulag lóðar frá árinu 1998.

1.3 Áætlunargerð

Hönnun

Á árinu 2002 fór fram hönnun lóðarinnar og gerð útboðsgagna og hafði FSR umsjón með áætlunargerðinni. Framkvæmdum var frestað. Á vegum Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja var þó unnið að hluta framkvæmda árið 2003, lagðar lagnir í jörð og mól sett í bílastæðið.


FSR vann aftur að verkefninu á árinu 2008. Hönnunin fólst í því að breyta og endurvinnna áður gerð útboðsgögn. Verkefnið fólst í að koma fyrir niðurföllum og tengja við áður gerðar regnvatnslagnir á lóð og bílastæðum, malbika bílastæði með kantsteini, hellulögn stétta og frágangi grassvæða.

Ráðgjafar

Tækniþjónusta SÁ ehf. annaðist endurhönnunina.

1.4 Áætlun um stofnkostnað

Heildarkostnaðaráætlun FSR vegna framkvæmdanna, sem byggðist meðal annars á áætlun um ráðgjafarkostnað, áætlun hönnuða á framkvæmdakostnaði á grundvelli hönnunar og áætlun um umsjón, nam í mars 2009 samtals 22.000.000 kr.



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, lóðarfrágangur. Yfirlitstekning Tækniþjónustu SÁ ehf.

2.0 VERKLEG FRAMKVÆMD

2.1 Útboð, tilboð og verksamningar

Fasteignir ríkissjóðs óskuðu eftir, í tölvupósti dagsettum 13. mars 2009, að FSR bjóði út framkvæmdir á lóð við Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Boðin var út framkvæmdin Heilbrigðisstofnun Suðurnesja. Lóðarframkvæmd.

Verkið var fólgið í að ljúka lóðarframkvæmdum sem unnar voru að hluta til á árinu 2003. Um var að ræða að koma fyrir niðurföllum og tengja við núverandi regnvatnslagnir á lóð og bílastæðum, malbika bílastæði og ganga frá með kantsteini ásamt hellulögn stétta og frágang grassvæða. Einnig að hlaða útitröppur úr hleðslusteini.

Helstu magntölur

Gröftur og tilflutningur innan lóðar 200 m³

Fyllingar á lóð með aðfluttu efni 300 m³

Malbik 760 m²

Hellur 580 m²

Graspakning 800 m²



Aðkoma slökkvi- og björgunartækja.

Tilboð voru opnuð 7. apríl 2009. Niðurstöður útboðsins eftir yfirferð tilboða voru eftirfarandi.

Niðurstöður	kr.	hlutfall
Ellert Skúlason ehf.	11.577.550	65,6%
Vélaleiga A.Þ. ehf.	11.755.100	66,6%
Nesprýði ehf.	12.284.080	69,6%
Góð Gæði ehf.	12.531.152	71,0%
Bjössi ehf ehf.	12.887.000	73,1%
Garðyrkjuþjónustan ehf.	13.354.000	75,7%
Wiium ehf.	13.509.700	76,6%
Nesvélar ehf.	14.562.000	82,6%
Íslandsgarðar ehf.	14.729.500	83,5%
Rafmagnsverkstæði Birgis ehf.	14.800.000	83,9%
Steingarður ehf.	14.990.700	85,0%
Fjarðagarðar ehf.	15.129.252	85,8%
Lóðaðþjónustan ehf.	15.624.500	88,6%
Mottó ehf.	15.637.750	88,6%
Blóm og garðar ehf.	16.607.100	94,1%
Jarðlist ehf.	17.555.700	99,5%
Garðvélar ehf.	17.695.100	100,3%
BH Byggingafélag ehf.	19.064.400	108,1%
Kostnaðaráætlun	17.641.110	100,0%

Framangreindar tilboðsfjárhæðir innihalda tilboð í áætlun aukaverk, sem koma þó til greiðslu nema til þeirra komi á framkvæmdatímanum. Í samningi við verktaka eru aukaverkin því undanskilin í samningsfjárhæðinni.

Þann 5. maí 2009 var tilboði Ellerts Skúlasonar ehf að fjárhæð 10.797.550 kr með vsk. tekið, sem var 65,0% af kostnaðaráætlun. Gerður var skriflegur samningur í framhaldi af því.

2.2 Framvinda

Framkvæmdir hófust 27. maí 2009 með greftri og jöfnun lóðar við Skólaveg. Niðurföllum var komið fyrir, útitröppur hlaðnar, gengið frá mold og lóðin tyrfd austan við húsið. Jafnframt voru plön gerð klár fyrir malbik, þau malbikuð og kantsteinar steyptir í byrjun júlímánaðar. Í framhaldinu var síðan unnið í stéttum. Þann 18. ágúst var bílastæðið tekið í notkun.



Gangstétt milli bílastæða.



Lóðarfrágangur norðan við C-álm.



Ofan við D-álm.



Vestan við B-álm.



Séð yfir að D-álm.

Gamalt bílastæði vöruaðkomu meðfram A-álm, sem er 526m² að stærð, var yfirlagt, eiturefnatankur á lóðinni fjarlægður, hlaðinn veggur milli D-álm og útitröppu, steypur veggur við innkeyrslu að Sóleyjargötu fjarlægður og settir staurar og skilti við Skólaveg.



Yfirlit að bílastæði.

Magnbreytingar, aukaverk og viðbótarverk

Kostnaður vegna magnbreytinga, aukaverka og viðbótarverka var alls 2.577.920 krónur.

2.3 Eftirlit og úttektir

Eftirlit með framkvæmdunum hafði Hafsteinn Steinarsson, verkefnastjóri hjá FSR.

Lokaúttekt FSR fór fram 24. ágúst 2009, að viðstöddum verktaka og fulltrúa Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Engar athugasemdir voru gerðar.

Ábyrgðarúttekt fór fram 16. ágúst 2010.



Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, lóð frágengin.

3.0 REIKNINGSLEGT UPPGJÖR**3.1 Heildarkostnaður**

Heildarkostnaður verksins samkvæmt fjárhagsbókhalda nam samtals 15.837.427 krónum í árslok 2010. Í heildarkostnaði er innifalin breyting og uppfærsla hönnunar, umsjón og eftirlit.

Heildarkostnaður er á verðlagi hvers árs.

4.0 SAMANTEKT / NIÐURSTÖÐUR**4.1 Árangur framkvæmdarinnar**

Það er mat FSR að vel hafi tekist til um þessa framkvæmd. Öll aðkoma og ásýnd er stórbætt og fjárhagslegur árangur hennar er góður.

4.2 Staðfesting skilagreinar

Undirritaður staðfestir hér með framanritaða skilagrein fyrir hönd Framkvæmdasýslu ríkisins.



Dagbjartur H. Guðmundsson, staðgengill forstjóra